

Betra og réttlátara strandveiðikerfi

Hagstofa Íslands hefur gefið út að afli strandveiðibáta síðasta sumar hafi verið um 12.500 tonn samkvæmt bráðabirgðatölum frá Fiskistofu og verðmæti aflans rúmlega 5 milljarðar króna. Tæplega 94% strandveiðiaflans var þorskur en annað að mestu ufsi. Strandveiðitímabilið stóð yfir frá byrjun maí 2024 fram undir miðjan júlí 2024.

Hér er um umtalsverðan afla og verðmæti að ræða sem kom sér vel fyrir strandveiðibáta og fiskvinnslur vítt og breitt um landið. Þó má öllum ljóst vera að núverandi fyrirkomulag strandveiða er meingallað og ekki til þess fallið að hámarka arðsemi auðlindarinnar, né heldur að tryggja jafnræði milli einstakra strandveiðibáta og eða byggðarlaga.

Rétt er að halda því til haga að þáverandi matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, lagði fram stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (svæðaskipting strandveiða) í mars 2023. Frumvarpið var ekki samþykkt á því þingi og virtist hver höndin upp á móti annarri, miðað við umsagnir sem fram komu í samráðsgátt stjórnvalda. Til dæmis vildu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi leggja strandveiðar af, á meðan Landssamtök smábátaeigenda kröfðust 48 veiðidaga. Öllum er ljóst að hvorug tillagan er raunhæf.

Kerfið veldur byggðaröskun

Reynslan sýnir að fyrirkomulag um „einn pott“ á strandveiðum hefur ekki reynst vel. Það hefur leitt til röskunar byggðar, einkum á Norður- og Austurlandi þar sem veiðar hefjast að jafnaði mun seinna, þ.e. í júlí-ágúst en á öðrum svæðum t.d. á Suður- og Vesturlandi þar sem veiðar hefjast í maí. Að því leyti vinnur kerfið gegn sjálfu sér í stað þess að viðhalda jafnræði í sóknarmöguleikum og ákveðnu magni á hverju svæði; A, B, C og D, sem lagt var upp með í upphafi strandveiða 2009/2010.

Þrátt fyrir að kerfið hafi verið meingallað hafa Landssamtök smábátaeigenda ekki borið gæfu til þess að koma fram með raunhæfar tillögur til stjórnvalda, heldur staglast á kröfunni um 48 veiðidaga sem öllum má ljóst vera að ekki er raunhæfur kostur, því slíkt myndi þýða viðbótarafli upp á um 10.000 tonn.

Skipstjórar nýti úthlutaða daga þegar hagkvæmast er

Til að rjúfa núverandi blindgötu er því lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, þ.e. ákvæði 6. gr. a. í lögum um strandveiðar. Þar verði ráðherra gert skylt að fastsetja ákveðinn dagafjölda fyrir hvern strandveiðibát. Fjöldi heimilaðra veiðidaga skuli ráðast annars vegar út frá þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða ár hvert og hins vegar af fjölda báta sem sækja um heimild til strandveiða. Heildarfjöldi daga skuli vera sá sami á öllum strandveiðibátum. Skipstjóra hvers báts verði síðan heimilt að ákveða

hvenær hann nýtir úthlutaða daga á tímabilinu apríl til september, að báðum mánuðum meðtöldum. Ef strandveiðibátur nýtir ekki úthlutaða veiðidaga skulu þeir falla niður í lok tímabils. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um aflaheimildir og fyrirkomulag þeirra.

Stuðar að meiri hagkvæmni og jafnræði

Með þessu nýja fyrirkomulagi verður jafnræði tryggt milli einstakra báta. Þá mun afli af strandveiðum dreifast jafnar yfir tímabil veiðanna. Einnig eru líkur á því að slysaætta minnki og dragi úr kapphlaupi um nýtingu auðlindarinnar í vondum veðrum með veiðum á verðlitlum smáfiski á grunnslóð. Gangi þessi breyting eftir mun það stuðla að aukinni hagkvæmni, minni kostnaði og hvata til veiða þegar gæði aflans eru mikil og fiskverð hátt. Þá er ekki ólíklegt að heildarverðmæti afla strandveiðibáta aukist úr þeim 5 milljörðum króna sem það var á sl. sumri í 6-7 milljarða. Því er því mikið í húfi fyrir þjóðarbúið.

Óvissu um strandveiðar eytt

Til að hægt verði að fastsetja ákveðinn dagafjölda í upphafi veiðitímabils þarf fjöldi báta sem hyggjast stunda strandveiðar að liggja fyrir og því er gert ráð fyrir að Fiskistofa auglýsi í tíma tiltekinn umsóknarfrest. Með því móti ætti að liggja fyrir tímanlega hversu margir bátar muni stunda strandveiðar á árinu. Útreikningur á ákveðnum dagafjölda fyrir hvern bát byggir á þeim veiðiheimildum sem ráðstafað er til strandveiða á árinu og fjölda báta sem sækja um heimild til strandveiða.

Með þessu fyrirkomulagi verður óvissu um strandveiðar eytt og „sprunginn pottur“ um mitt sumar heyrir sögunni til.

Það er von undirritaðra að þing og ríkistjórn taki tillögu þessari fagnandi og breyti fyrirkomulagi strandveiða fyrir næstu vertíð til hagsbóta fyrir smábátasjómenn og þjóðarbúið allt.

Einar Sigurðsson skipstjóri á Birni Jónssyni ÞH-345

Jóhann A. Jónsson skipstjóri á Garðari ÞH-122

Jónas Ragnarsson skipstjóri á Ragga ÍS- 419